

Horft til framtíðar

ÖNNUR UMSÓKN MEÐ ÞESSU VERKEFNI

Sigrún Sigurðardóttir leikskólastjóri
Ragnhildur Gunnlaugsdóttir aðstoðarleikskólastjóri
LEIKSKÓLINN AKRAR, 2019 |

-Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins var að skoða hvort skipulagið (deildarstjórar/leikskólakennarar fari út af deildinni eftir klukkan 14:00) hafi áhrif á álag og streitu starfsmanna inn á deildum og hvort það hafi verið minna um skammtímalausnir. Einnig að skoða hvort að með samvinnu deildarstjóra og kennara í undirbúning hafi gæði og nýbreytni í kennslu og innra starfi aukist.

-Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum, þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis

Það var byrjað á því að finn ábyrgðarmann inn á hverri deild eftir klukkan 14:00. Það var lagt upp með að þetta væru starfsmenn sem voru í 100% vinnu allan daginn inn á deildinni, fyrir utan eina deild þar sem starfsmaðurinn var í 80% starfi (einn frídagur í viku). Þegar ráðið var í afleysingarstöður innan leikskólans var stílað á að þær væru sem mest eftir hádegi til að koma á móts við þá kennarar sem færu út af deildinni. Í byrjun haustannar, 1. september 2018, var farið að vinna eftir skipulaginu og byrjuðu deildarstjórar að fara út af deildinni alla daga vikunnar klukkan 14:00 og leikskólakennari þrjá daga vikunnar klukkan 14:00. Í lok október var gerð smá könnun meðal starfsfólks til að sjá hvernig skipulagið færi af stað. Skipulagið byrjaði ágætlega en það voru smá hnökur t.d. gekk vel að raða starfsfólki inn eftir hádegi á þremur deildum en ekki nógu vel á einni deildinni. Á þeirri deild voru þrír starfsmenn sem skiptu með sér fimm dögum og því var meira álag eftir kl. 14:00. Eftir áramót var bætt úr því, við náðum að raða afleysingunni betur inn á deildarnar. Í byrjun apríl kom Svala Guðmundsdóttir og hélt fund með ábyrgðarmönnum, þar var farið yfir árið, kosti og galla skipulagsins. Þar var farið yfir niðurstöður skoðunarkönnunar í október og fundin önnur aðferð til að meta skipulagið á starfsmannafundi 29. apríl.

-Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Við fengum ekki allann þann styrk sem við báðum um þannig við nýttum einn starfsmannafund (með fjármagni leikskólans) fyrir mat á skipulaginu.

-Mat á verkefninu

Á starfsmannafundi 29. apríl gerðu starfsmenn deildanna mat á skipulaginu, hvað hafði þetta nýja skipulag gefið þeim, hafði álagið minnkað inn á deildum og hafði aukið samstarf milli deildastjóra aukið fjölbreytni í kennslu? Matið var þannig að starfsmenn hverrar deildar fyrir sig (4 hópar) rýndu í skipulagið og svöruðu nokkrum spurningum. Það var gefin klukkutími í þessa vinnu og síðan komu allri saman inn í sal þar sem hver deild fékk 15. mínútur til að kynna niðurstöður sínar fyrir hinum deildunum.

Niðurstöður starfsmanna sýndu að með nýja skipulaginu væri minna um skammtímalausnir og um leið minna álag inn á deildum, það er mikill kostur að deildarstjórar eru alltaf inn á deild til klukkan 14:00. Starfsmenn eldri deilda tala um að það sé gott að deildarstjórar séu saman í undirbúning, samtalið þeirra á milli gefur meira samræmi milli deildanna.

Deildarstjórnir skipta með sér verkum og með því komast þeir yfir fleiri verkefni á skemmri tíma. Einnig deila þeir með sér hugmyndum sem verður til þess að starfið verður fjölbreyttara. Starfsmenn yngri deilda fundu ekki eins mikið fyrir samstarfi deildarstjórnanna og ekki miklar breytingar í starfi. Deildarstjórum yngri deilda finnst skipulagið gott, það gefur rými fyrir samvinnu og um leið tækifæri til að skipta með sér verkefnum og deila hugmyndum. Með því geta þær komið með fjölbreyttari verkefni inn á deild sem samstarfsfólk þeirra er ekki meðvitað um að sé komið út frá samvinnu deildarstjóra.

Við vorum vel mannaðar eftir áramót og með fólk í öllum stöðum eftir klukkan 14:00 og því gekk skipulagið vel upp. Það helsta sem starfsfólkið talar um að hafa í huga næsta skólaár er að það séu fastir starfsmenn inn á deildunum eftir klukkan 14:00 og einnig minntust þeir á mikilvægi ábyrgðarmans.

Ráðstöfun styrks þ.e.

Laun ábyrgðarmanna 13x7500x2	195.000 kr.
Vinna við undirbúning, greinaskrifa og skýrslugerð 15x7500	112.500 kr.
Laun sérfræðings 2x 12.000	24.000 kr.
Undirbúningur ábyrgðarmanna fyrir fundi með starfsfólki	120.000 kr.
Efniskaup, veitingar og gögn fyrir fundi	48.500 kr.
Samtals	500.000 kr.

-Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Eins og niðurstöðurnar sýna þá er þetta mikill ávinningur fyrir leikskólann og skólastarfið í heild sinni. Deildarstjórar fá meiri tíma til að ræða hlutina, deila hugmyndum og skipta með sér verkum sem verður til þess að meira samræmi er á milli deilda og verkefni fjölbreyttari. Ásamt því að álag og streita minnkar og minna er um skammtímalausnir